

Nd.

300. Frumvarp til laga

um breyt. á lögum nr. 4 27. jan. 1943, um dýralækna.

Flm.: Jón Sigurðsson, Gunnar Thoroddsen, Jón Pálmason,
Steingrímur Steinþórsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Dýralæknar skulu vera 8, tveir í Sunnlendingafjórðungi, og skal annar hafa búsetu í Reykjavík, þrír í Vestfirðingafjórðungi, tveir í Norðlendingafjórðungi og einn í Austfirðingafjórðungi. Atvinnumálaráðherra skipar þá og kveður á um bústað þeirra að öðru leyti en ákveðið er í lögum þessum.

Nú er ekki kostur nægilega margra lærðra dýralækna, og er atvinnumálaráðherra þá heimilt, í samráði við yfirdýralækni, að fela mönnum, er yfirdýralæknir telur treystandi til að bæta úr þörf búfjáreigenda, að gegna störfum dýralæknis um stundarsakir fyrir hæfilega þóknun úr ríkissjóði, enda liggja fyrir um það eindregnar óskir frá hlutaðeigandi sýslunefnd eða sýslunefndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt áskorunum frá Búnaðarsamb. Skagfirðinga og Dala og Snæfellsness, og lagt til, að fjölgað verði dýralæknum í Norðlendinga- og Vestfirðingafjórðungi, en af þeirri fjölgun mundi leiða, að Skagafjarðarsýsla ásamt Húnavatnssýslum og Snæfellsnes með héruðunum við Breiðafjörð yrðu sérstök dýralæknisumdæmi.

Tilfni þessara áskorana er mjög vaxandi þörf bænda fyrir aðstoð dýralækna, er stendur að nokkru í nánú sambandi við vaxandi nautpeningsrækt og mjólkurframleiðslu í þessum héruðum. Það má og öllum ljóst vera, að einn dýralæknir fyrir allan Norðlendingafjórðung, eða fyrir byggðir Borgarfjarðar, Mýra, Snæfellsness og Breiðafjarðar er með öllu ófullnægjandi, enda er dýralækna ekki vitjað úr hinum fjarlægari héruðum. Skagafjarðar- og Húnavatnssýslur og byggðir Breiðafjarðar eru því raunverulega dýralæknislausar samkvæmt núgildandi skipun þessara mála.

Nokkur sönnun fyrir nauðsyn þeirra breytinga, sem frv. gerir ráð fyrir, er, að sýslufélög, sem hér eiga hlut að máli, svo sem Skagafjarðarsýsla, hafa ekki getað komizt hjá að verja árlega síðustu árin allmiklu fé til þess að launa manni, sem helzt er treystandi til að bæta úr dýralæknaskortinum, þótt sýslufélagið hafi vegna lítilla fjárráða aðeins fé til brýnna og aðkallandi þarfa sýslunnar. Meðan þessu fer fram, er nágrannahéruðum þeirra, sem álíka þörf hafa fyrir dýralækni, séð fyrir fulllærðum dýralæknum, þeim héruðum að kostnaðarlausu. Hér er um misrétti að ræða, sem ekki er viðunandi, og er frv. ætlað að bæta úr því.